



## ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur / úgáfa: 05.02.2008 / 6

Kemur í stað: 05.03.2004 / 5

Útskriftardagur: 16.9.2008

### 1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

## BRÚTUS/GRAÑÍT

Vöruheiti:

**Mjöll Frigg hf.**

Framleiðandi:  
 Austusíða 2  
 603 Akureyri  
 Sími: 512 3000  
 Fax: 512 3059  
 Netfang: [akureyri@mjollfrigg.is](mailto:akureyri@mjollfrigg.is)

Vesturvör 29  
 200 Kópavogur  
 Sími: 512 3000  
 Fax: 568 0160  
 Heimasíða: [www.mjollfrigg.is](http://www.mjollfrigg.is)

Slys:

Hafið samband við lækni eða Eitrunarupplýsingastöð í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis. **Sími Neyðarlínunnar er 112.**

### 2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNHALD

**Innihilad (m.a.):**

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Natríummetasílkat	6834-92-0	229-912-9	C,Xi	34-37	<5%
Kvaternerkóalkýlamínnetoxýlat	61791-10-4	-	Xi,N	41-51/53	<5%
C9-11 Alkóhóletoxýlat	68439-46-3	-	Xi	38-41	<5%
Tetrakalíumpýrófosfat	7320-34-5	230-785-7	Xi	36-37-38	<5%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

### 3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Varan getur valdið svíða í augum.

### 4. SKYNDIHJÁLP

<b>Snerting við augu:</b>	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Haldið augnalokum sundurglenntum á meðan. Leitið læknis.
<b>Snerting við húð:</b>	Þvoið með vatni og sápu. Fjarlægið fatnað, skartgripi o.p.h. sem slest hefur á. Leitið læknis ef erting er viðvarandi.
<b>Inntaka:</b>	Skolið strax munn og drekkið mikið vatn. Framkallið <u>ekki</u> uppsölu! Hafið strax samband við læknin. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
<b>Innöndun:</b>	First loft, hiti og hvíld. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

### 5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Brennanleiki: Brennur ekki.

### 6. EFNALEKI

<b>Til verndar fólki:</b>	Athugið að gólf geta orðið háll.
<b>Til verndar umhverfi:</b>	Komið í veg fyrir að mikið magn vörurnar komist í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn eða mengi grunnvatn eða jarðveg.
<b>Hreinsun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lítill leki: Lokið fyrir lekann og skolið niður með miklu af vatni – varist hálkum.</li> <li>- Mikill leki: Þurrkið upp með ísogsefni, s.s. sandi eða kísilgúr. Skolið síðan svæðið með miklu af vatni – varist hálkum. Hafið samband við slökkvilið og heilbrigðiseftirlitið á viðkomandi svæði. Förgun ísogsefnisins á að vera með sama hætti og förgun vörurnar (sjá 13. lið).</li> </ul>
<b>Til verndar umhverfi:</b>	Komið í veg fyrir að varan renni í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn, eða mengi grunnvatn og/eða jarðveg.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

<b>Meðhöndlun:</b>	Sýnið aðgæslu og notið persónuhlífar (sjá 8. lið).
<b>Geymsla:</b>	Geymis í a.m.k. tvö ár frá framleiðsludegi í upprunalegu umbúðunum, lokaðum og á þurrum og dimmum stað við 5-20°C. Frjósi varan rýrna gæði hennar.

## 8. EFTIRLIT MED MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

<b>Mengunarmörk:</b>	Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna eða þau hráefni sem í hana eru notuð.
<b>Tæknilegar öryggisráðstafanir:</b>	Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Sápa. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.
<b>Persónuhlífar:</b>	
- Augu:	Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur:	Hlífðarhanskars úr PVC, neópren eða gúmmí.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

<b>Útit:</b>	Tær, gulleitur vöki
<b>Lykt:</b>	Sápuilmur
<b>pH:</b>	12,7 ± 0,4
<b>pH, 3% blanda:</b>	10,8 ± 0,4
<b>Suðumark [°C]:</b>	>100
<b>Bræðslumark [°C]:</b>	<0
<b>Eðlisþyngd, 20 °C [kg/m³]:</b>	1068 ± 4
<b>Seigja, 20 °C [mPa·s]:</b>	Óþekkt
<b>Leysanjeiki í vatni:</b>	Algerlega leysanlegt
<b>Leysanjeiki í öðrum leysiefnum:</b>	Óþekktur

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

<b>Stöðugleiki:</b>	Stöðugt við tilætlaða notkun.
<b>Hættuleg niðurbrotsefni:</b>	Engin þekkt og engin við tilætlaða notkun.

## 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### Eiturefnafæðilegar upplýsingar:

- Erting: Varan flokkast ekki sem ertandi.
- Ofnæmi: Ekki þekkt.
- Krabbamein: Ekki þekkt.

**Heilsuhætta:** Sjá 3. lið.

## 12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

<b>Almennt:</b>	Engin þeirra hráefna sem notuð eru í vöruna flokkast sem hættuleg umhverfinu.
<b>Lífniðurbrot:</b>	Niðurstöður rannsókna á hráefnum sem notuð eru í vöruna uppfylla þau uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um fyrsta stigs lífniðurbrot.
<b>Eituráhrif í vatni:</b>	Varan inniheldur efni sem hafa hvetjandi áhrif á vöxt þörunga.
<b>Þrávirkni:</b>	Ekki þekkt, en þó afar ólíklegt.

## 13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni saman við mikið vatn og skola niður. Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða



fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## 14. FLUTNINGUR

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur samkvæmt ADR/IMDG/DGR.

## 15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum asamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

**Merking:** Engin

**H-setningar:** Engar

**V-setningar:**

- |    |  |
|----|--|
| 2  | Geymist þar sem börn ná ekki til.  |
| 26 | Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. |

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

**Vottanir/samþykktir:** Varan er vottuð af Umhverfisstofnun til notkunar í matvælaiðnaði (99-308).

**Útgáfudagur:** 05.02.2008

**Í stað:** 05.03.2004

**Útgáfa:** 6.

**Höfundur:** Ásgeir Ívarsson.

**Endurskoðað:** Heimir Haraldsson.

Pessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Pessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé efnið blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.